

TRJÁGRÓÐUR Á LÓÐARMÖRKUM KÖNNUN 2016

Minnisblað fyrir umhverfisnefnd

Starfsmenn garðyrkjudeildar byrjuðu á árlegri könnun á trjágróðri sem fer yfir lóðarmörk í nóvember mánuði 2015 þar sem tíðin var góð. Unnið var í könnuninni þegar veður og færð leyfðu og lauk henni í byrjun mars.

Gerðar voru athugasemdir við trjágróður á lóðarmörkum 128 lóða.

Þar af fimm húsfélög og 117 bréf sem verða send til lóðarhafa í Garðabæ.

Þó nokkuð færri athugasemdir voru gerðar hjá lóðarhöfum á Álftanesi í ár en í fyrra en þá voru send út 22 bréf þangað en einungis sex bréf í ár. Athugasemdir á milli hverfa voru mismunandi, má þar helst nefna að 16. bréf verða send til lóðarhafa í Bæjargili.

Af þessum 128 lóðarhöfum sem fá send bréf núna eru þrír lóðarhafar sem hafa fengið bréf árlega frá garðyrkjustjóra síðan 2012 þar af einn síðan 2010. Einnig eru þó nokkrir lóðarhafar að fá bréf þriðja árið í röð eða síðan 2013.

Á næstu dögum verða send út bréf til þessara 128 lóðarhafa sem fengu athugasemdir. Þar sem þeir eru hvattir til að huga að gróðri á lóðarmörkum. Með bréfinu er úrtekt úr byggingareglugerð nr. 112/2012 og bæklingur um trjágróður, lóðarhöfum til fróðleiks, þar sem garðyrkjustjóri leggur áherslu á góða samvinnu við lóðarhafa og upplýsingagjöf.

Garðyrkjustjóri sendi inn auglýsingu í Garðapóstinn sem mun koma í blaðinu fimmtudaginn 10. mars þar sem lóðarhafar eru hvattir til þess að huga að gróðri á lóðarmörkum. Í auglýsingunni kemur texti sem settur er inn í samvinnu við bæjarritara þar sem stendur að :

„Lóðarhafa er skylt að halda vexti tjáa eða runna á lóðinni innan lóðarmarkna. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götu, gangstíga eða opin svæði er Garðabæ heimilt að láta fjarlægja þann hluta er truflun eða óþrýði veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun.“

Einnig er vísað á vef Garðabæjar www.gardabaer.is þar sem lesa má um trjá- og runnaklippingar.

Linda Björk Jóhannsdóttir, verkstjóri garðyrkjudeildar
Smári Guðmundsson, garðyrkjustjóri